






Faxabrandsstaðir



www.vatnsdalur.is



Upplýsingar

Pannig greinir Vatnsdælasaga frá skiptum þeirra Ingimundarsona við þá Finnboga ramma og Berg hinn rakka. Finnbogi hafði skorað á Þorstein til hólmgöngu, en Bergur á Jökul. Skyldu þeir mæta til hólmsins að ákveðnum tíma fyrir neðan bæ Finnboga að Borg. Ingimundarsynir, með hjálp Faxesbrands, skiluðu sér til hólmgöngunnar á tilsettum tíma en Borgarmenn töldu þá ekki komast til stefnunnar vegna þess gjörningarveðurs sem þá gekk yfir. Staðarnafnið Faxabrandsstaðir er ekki nefnt í Vatnsdælasögu en geta má sér til um hvar bær Faxesbrands hefur staðið út frá leiðarlýsingum. Ferð Þorsteins og Jökuls lá frá Hofi um Undirfell og þaðan áfram yfir í Viðidal til Borgar. Það má því ætla að hann hafi staðið utarlega, vestan ár í Vatnsdal. Í Landnámabók segir að Faxes-Brandur hafi búið „fyrir ofan Hóla“ og er þá væntanlega átt við Vatnsdalshóla. K. Kálund getur sér þess til árið 1876 að bærinn sé sá sem nú kallist Vatnsdalshólar. Nokkru síðar, eða árið 1886, hefur Sigurður Vigfússon upplýsingar um eyðibýli sem kallist Faxabrandsstaðir og að þar votti fyrir girðingum og tóftarústum. Staðurinn var rannsakaður enn frekar af Brynjólfi

Jónssyni árið 1894 sem gerði uppdrátt af því sem hann taldi vera fornan skála. Svæðið var mælt upp og rannsakað sumarið 2006 og má þar greina rústir margra bygginga. Áberandi er myndarlegur bæjarhól (nr. 6) sem ljóst er að hefur hlaðist upp um aldir. Skammt þar frá má greina útlínur stórrar byggingar (nr. 1) og leifar vallargarðs (nr. 2). Mun það vera skálarúst sú sem Brynjólfur gerði grein fyrir. Af útlínunum hans að dæma er líklega um fornan skála að ræða en það þyrfti að staðfesta með uppgrefti. Ljóst er að bæjarstæðið er fornt (1) og hefur íbúðarhúsið verið verið fært úr stað síðar (6). Í Jarðabók Árna og Páls frá 1713 er getið um eyðibýlið Háholt í landi Breiðabólstaðar og hafði þá ekki byggt verið í 80 ár. Á þeim tíma þekkja heimildarmenn Jarðabókar ekki til Faxabrandsstæða enda má telja líklegt að þar sé í raun um bæinn Háholt að ræða og nafnið Faxabrandsstæði séu síðari tíma tilgáta um það hvar bær Brands hafi staðið. Minjarnar voru friðlýstar af þjóðminjaverði árið 1930.

Information

According to the Book of Settlements, the first settler in Vatnsdalur was Ingimundur the Aged, who arrived in Iceland from Norway around 900 AD with his household. After this time his sons divided their inheritance, and were chieftains in the region. The Saga of the People of Vatnsdalur tells of their dispute with Finnbogi the Mighty and Bergur the Bold who lived in the next valley, Viðidalur. Finnbogi had challenged Þorsteinn to a duel, and Bergur had challenged Jökull. They were to appear at a certain time below Finnbogi's farm at Borg. When Þorsteinn and Jökull were due to fight their duels, a storm was raging. They travelled from Hof to the home of Faxes-Brandur, a friend of Jökull. "Brandur had a horse with a coloured mane called Freysfaxi. He was fond of the horse and thought it a good one; it was fearless in fighting and when put to other uses. Many people felt sure that Brandur placed special faith in Freysfaxi. The next morning the same storm returned, only even worse. The brothers wanted to get on their way, even though the weather did not relent. Brandur had covered a sledge with hides and harnessed Freysfaxi to it, and said that between them they

would find their way. ... They arrived at the haystack wall early that day, and no-one else was there." The brothers waited a long time there, but Finnbogi and Bergur made no appearance, having believed that the weather would prevent the duels taking place. Þorsteinn and Jökull then raised a scorn-pole to highlight the disgrace of the men of Borg, who were severely shamed for not turning up to fight. Based on the topographical information in the saga, attempts have been made to pinpoint the location of Faxes-Brandur's farmstead. At the west of the valley is an ancient abandoned farm site, now known as Faxabrandsstæði (Faxes-Brandur's Place). Traces of enclosures and buildings are visible. The site was surveyed in the summer of 2006, and remnants of many buildings were found. Particularly noticeable is a large farm hillock (no. 6) which has clearly built up gradually over the centuries. Nearby is the outline of a large structure (no. 1), which is probably an early longhouse. In 1930 the site was listed for conservation as a heritage site by the Director of the National Museum of Iceland.

